Akraneskaupstaður
Skipulags- og umhverfissvið

# AÐALSKIPULAG AKRANESS 2005-2017

## Breyting - stækkun Skógarhverfis




Gildandi skipulag, staðfest 26.04.2006 m.s.br.

N




Breytt skipulag

Mkv.: 1:10.000

Bæjarstjórn Akraness leggur til eftirfarandi breytingu á afmörkun Skógarhverfis, svæðis Íb13, í Aðalskipulagi Akraness 2005- 2017. Unnið er að endurskoðun deiliskipulags hverfisins. Aðalskipulagsbreytingin mun felast í stækkun hverfisins til norðurs og breytingu á aðliggjandi landnotkunarreitum sem eru opin svæði til sérstakra nota.

### Breytingar á skipulagsuppdrætti

Breytingin felst í eftirtöldum atriðum:

- Landnotkunarreitur Íb13 er stækkaður til norðurs á kostnað skógræktarsvæðis O9 og íþróttasvæðis O12, sem fellt er út.
- Svæði O5, tjaldsvæði við Garðalund, er breytt í opið svæði til sérstakra nota.
- Stofnanasvæði S16 er stækkað.
- Gert er ráð fyrir tengingu við þjóðveg norðan Skógarhverfis.

### Breytingar á greinargerð

Engin breyting er gerð á almennum texta greinargerðar. Breytingar eru gerðar á sérákvæðum í köflum **3.3.2 Íbúðarbyggð, 3.3.5 Svæði fyrir Þjónustustofnanir** og **3.3.6 Opin svæði til sérstakra nota**.

**Gildandi skipulag:**

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| Íb13B | 48,1 | Skógahverfi. | Helsta byggingarsvæði bæjarins næstu áratugi. Óskipulagt. | Blönduð byggð. Innan svæðis fyrir íbúðarbyggð verður í deiliskipulagi gert ráð fyrir stofnunum, þjónustufyrir-tækjum og atvinnustarfsemi sem viðeigandi eru í íbúðar-hverfi. Nánar skilgreint í deiliskipulagi. N: um 20 íb/ha |
| S16 | 2,0 | Stofnana-svæði í Skógahverfi | Óbyggt | Stofnanasvæði verður mótað nánar í deiliskipulagi hverfis-ins. Svæðið er fyrst og fremst ætlað grunnskóla og leikskóla hverfisins. Nýtingarhlutfall ákvarðast í deiliskipulagi. |
| O5 | 2,0 | Tjaldsvæði við Garða-lund. | Ófullgert. Gert er ráð fyrir flutningi tjaldsvæðis frá Kalmansvík að Garðalundi. | Tjaldsvæði, gistiþjónusta. Heimilt að byggja þjónustu-byggingar og litla gistiskála samkvæmt deiliskipulagi. N: 0,015 |
| O9 | 20,5 | Skógrækt | Skógræktarsvæði | Útivistarskógur. |
| O12 | 2,0 | Íþróttavellir, æfingasvæði í Skógahverfi. | Ómótað. Hugmynd um æfinga og íþrótta-svæði sem stutt getur við íþróttasvæðið á Jaðarsbökkum og tengst auk þess tjald-svæðinu við Garðalund. | Íþróttasvæði með æfinga-völlum og aðstöðubyggingum s.s. búningsklefum o.þ.h. Svæðið verður mótað nánar í skipulagi Skógarhverfis. N: 0,01 |

SKÝRINGAR

- Mörk skipulagsbreytingar
- Íb Íbúðarsvæði
- Íb B Íbúðarsvæði, blönduð byggð
- S Svæði fyrir þjónustustofnanir
- M Miðsvæði, miðbær
- V Verslunar- og þjónustusvæði
- A Athafnasvæði
- H Hafnarsvæði
- I Iðnaðarsvæði
- Óbyggð svæði
- O Opin svæði til sérstakra nota
- R Sorpförgunarsvæði
- Hverfisverndarsvæði
- Náttúruverndarsvæði
- Landfylling
- Fornminjar
- Merking landnotkunarreita
- Blönduð landnotkun
- F Skipulagi frestað
- Stofnbraut
- Tengibraut
- Stofnstígur innan byggðar
- Megin útivistarstígur
- Megin útivistarstígur og reiðleið
- Reiðleið
- Flutningslínur rafveitukerfis (Loftlínur)
- Flutningslínur rafveitukerfis (Jarðstrengir)
- Aðveitulögn hitaveitu
- Aðveitulögn vatnsveitu
- Útrás fráveitu

**Breytt skipulag:**

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| Íb13B | **58,6** | Skógahverfi. | **Íbúðarsvæði í byggingu. Deiliskipulagt að hluta.** | Blönduð byggð. Innan svæðis fyrir íbúðarbyggð verður í deiliskipulagi gert ráð fyrir stofnunum, þjónustufyrir-tækjum og atvinnustarfsemi sem viðeigandi eru í íbúðar-hverfi. Nánar skilgreint í deiliskipulagi. N: um 20 íb/ha |
| S16 | **3,2** | Stofnana-svæði í Skógahverfi | Óbyggt | Stofnanasvæði verður mótað nánar í deiliskipulagi hverfis-ins. Svæðið er fyrst og fremst ætlað grunnskóla og leikskóla hverfisins. Nýtingarhlutfall ákvarðast í deiliskipulagi. |
| O5 | **5,8** | **Opið svæði, útivistar-svæði** | *Skýring: Tjaldsvæði verður áfram rekið í Kalmansvík.* | Útivistarsvæði. |
| O9 | **12,4** | Skógrækt, tvískipt svæði | Skógræktarsvæði | Útivistarskógur. |
| *Reitur felldur út:* | | | | |
| ~~O12~~ | ~~2,0~~ | ~~Íþróttavellir, æfingasvæði í Skógahverfi.~~ | ~~Ómótað. Hugmynd um æfinga og íþrótta-svæði sem stutt getur við íþróttasvæðið á Jaðarsbökkum og tengst auk þess tjald-svæðinu við Garðalund.~~ | ~~Íþróttasvæði með æfinga-völlum og aðstöðubyggingum s.s. búningsklefum o.þ.h. Svæðið verður mótað nánar í skipulagi Skógarhverfis. N: 0,01~~ |

### Áhrifamat

Skipulagsbreytingin er ekki háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem í henni er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum sem falla undir lög nr. 106/2000.

Svæðið er raskað og snertir breytingin hvorki sérstæðar náttúruminjar né sérstök vistkerfi sem njóta eiga sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Garðaflói var ræstur fram og ræktaður fyrir miðja 20. öld. Svæðið er ekki nýtt til landbúnaðar lengur. Einn minjastaður, Stekkjarholt, er í grennd við skipulagssvæðið sbr. aðalskrá fornleifa, sem unnin var á árunum 1997-1999. Unnið verður með blágrænar ofanvatnslausnir við skipulag og framkvæmdir í næstu áföngum Skógahverfis. Aukin byggð í Skógarhverfi miðast við að nýta betur byggingarhæft land innan þjóðvegar og er þar litið til lengri tíma en sem nemur áætlaðri húsnæðisþörf næstu ára.

Breytingin mun ekki hafa áhrif á aðrar áætlanir og gengur ekki gegn stefnu stjórnvalda um umhverfismál, náttúruvernd eða vernd menningarminja. Umhverfisáhrif breytingarinnar eru óveruleg.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann _______________

_______________________
bæjarstjórinn á Akranesi

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann _______________

_______________________ _______________________

19.8.2019
Blaðstærð A3

TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí